HJÓLAKORT af Höfuðborgarsvæðinu

Strandleið í Reykjavík og Mosfellsbæ
Rvk C Suðurlandsbr. – Mosfellsbær
Rvk C Tjörnin – Reykjavík A
Rvk Sæbraut – Hafnarfjörður
Elliðaárvogur – Mjódd+Garðab.
Sums staðar getur vantað skilti. Notaðu kortið til að finna bestu leiðina.

Valkostir milli Grafarvogs og Mosfellsbæjar
„Gula leiðin" meðfram Vesturlandsvegi: minni brekkur, greiðfærari en við ströndina.
Lykilleiðir án vegvísunar
Straumsvík–Hfj.–Garðabær með ströndinni: 2 km lengra, minni brekkur, án umferðarljósa.
Sunnanmegin Elliðaáa og Fossvogsdalur–Mjódd: greiðfærar styttingar í grónu svæði.

SKÝRINGAR

Lykilleiðir hjólreiða
Hjólastígur (aðskilinn, blandaður)
Minni vegur (með, án hjólastígs)
Þjóðvegur (með, án vegaxla)
Aðrar hjólaleiðir
Hjólastígur (valinn)
Gangstétt/„hægur" stígur (malbik, möl)
Minni vegir, almennt hentugir til hjólreiða
Malarvegur (ein-, tvíbreiður)
Húsagata/tengivegur, lítil umferð
Vegur (2, 4 akreinar), hófleg umferð, oft líka með hjólastíg
Stofnbrautir, mikil og hröð umferð
Ósamfelldir stígar nálægt stofnbraut
Stofnbraut án hjólastígs, **HENTAR EKKI TIL HJÓLREIÐA**
Þung umferð, engar vegaxlir
Framkvæmdir árið 2017

Vegvísun og leiðalýsing
Skiltuð lykilleið með kennilit
Óskiltuð lykilleið
Brú*, undirgöng*
Göngubrú*, vað
Umferðarljós*
Gönguljós*
Gangbraut*, hringtorg
* *ítarleg lýsing á hjólaleiðum, annars valin atriði*
Upplýsingaskilti með hjólakorti
Hraunbrún Götuheiti
42 Vegnúmer
1/431 Vegamót utan korts
2.8 Fjarlægð í km milli merkjanna
Áberandi kennileiti
Stórt mannvirki, kirkja
Viti, safn
Fótboltavöllur, golfvöllur

Miðbær, sjúkrahús
Farþegaferja, skemmtiferðaskip
Umferðarmiðstöð, flugstöð
Bensínstöð (valin)
Sundlaug, tjaldsvæði
Viðgerðarstandur (við bensínstöð, stakur)*
Hjólabúð/-viðgerðir/-leiga/-ferðir*
** sjá lista á hinni hliðinni*

HJÓLAÐ ÓHÁÐ ALDRI
15 hjól á hjúkrunarheimilum um allt land. Viltu gerast hjólari? Skráning á gobooking.bike. **www.hoa.is**

Hrein & villt
Lífrænar húðsnyrtivörur með handtíndum villtum íslenskum jurtum. Framleitt á Íslandi. #soleyorganics . **soleyorganics.com**

Á reiðhjóli um Ísland

ÞAÐ ER EINSTÖK LÍFSREYNSLA AÐ FERÐAST UM ÍSLAND Á REIÐHJÓLI. Landið upplifir þú á þínum eigin hraða með öllum skilningarvitum; stórbrotið landslag, endalausir sandar og hraun, mosabreiður af ólíkum toga, áburðardreifing bænda, smágróður og skondið fuglalíf; kríur og kjóar minna á ágæti hjálmanotkunar, vindar, skúrir og alls konar sólskin. Það er nokkuð öruggt að ferðast um landið einkum ef undirbúningurinn er góður og hvarvetna máttu, sem hjólandi ferðalangur, eiga von á svolítilli forvitni; ". . . ertu í alvörunni að hjóla um Ísland?" Landið okkar er draumastaður hins sjálfstæða ferðamanns. Slíkur ferðamaður kappkostar að virða viðfeðma en viðkvæma náttúru landsins hvort sem hann gengur, hjólar, ekur eða slær upp tjaldi. Þetta kort er unnið af þaulvönu hjólaferðafólki og veitir m.a. upplýsingar um afvikna vegi og slóða, hættu af bílaumferð, tjaldsvæði, almenningssamgöngur, hjólaferðir með leiðsögn og aðra þjónustu sem tengist hjólreiðum allt í kringum landið. ***Höfundar kortsins vona að það komi þér vel á ferðalaginu og óska þér góðrar ferðar.***

Veður

Á Íslandi er þægilegasti tíminn til ferðamennsku á hjóli frá síðari hluta maí fram í byrjun september. Á þeim tíma er algengur meðalhiti 10-12°C þótt stöku sinnum séu um og yfir 20°C. Flestar nætur má búast við kulda nærri frostmarki. Mikill munur getur verið á veðri á tiltölulega nálægum svæðum. Lítið skjól er frá trjám og vegir víða upphækkaðir í landslaginu sem gerir þar vindasamara en annars staðar. Öll þekkjum við hve fyrirvaralaust hann getur rokið upp með ofsaveðri og lemjandi rigningu. Aldrei verður of oft minnt á nauðsyn þess að hafa ævinlega hlý og skjólgóð föt meðferðis, jafnvel í styttri dagsferðir. Það er órjúfanlegur hluti af hjólaferðamennsku hér á landi að taka veðurspá. Það má aldrei farast fyrir þegar hjólaferð er undirbúin eða áður en leggur dagsins hefst. Þar sem ekki er síma- eða netsamband er lágmark að hlusta á veðurfréttir í útvarpi og haga ferðum sínum í samræmi við þær. Við bendum líka á vedur.is, sími 902-0600 eða fá upplýsingar hjá staðkunnugum. Þegar spáð er 15-20 m/s fer að verða varasamt að vera á ferðinni á hjóli. Við fjöll þarf að varast vindhviður, en þær geta hæglega farið yfir 30 m/s og við þær aðstæður getur verið illmögulegt að teyma hjól, hvað þá meira. Hætta af bílaumferð eykst einnig við erfiðar veðuraðstæður. Vanir menn vita að slík veður bíða menn af sér þar til þeim slotar. Það er list að haga ferðum sínum eftir veðri. Skynsamlegt er að hjóla undan veðri og er tilvalið að nýta almenningssamgöngur og rútuferðir til að komast í aðstöðu til þess. Verði ekki hjá því komist að hjóla á móti vindi getur verið gott að ferðast síðla kvölds og að nóttu, en þá er veður oft stillara en að deginum. Þannig sækist ferðin betur í bjartri sumarnóttinni. Bílaumferðin er þá einnig minni en þjónusta á leiðinni nánast engin.

Vegir

Flestir helstu þjóðvegir landsins eru með bundnu slitlagi en yfirborð þeirra er oft frekar hrjúft. Umferð bíla hefur stóraukist á vinsælum ferðamannaleiðum síðustu árin. Fæstir vegir á suðvesturlandi uppfylla öryggiskröfur sem almennt eru gerðar í Evrópu um hjólreiðar á vegum. Eru þeir of mjóir (undir 8 m. að breidd) og sums staðar hefur verið bætt við akrein án þess að gera ráð fyrir vegöxl eða plássi fyrir hjólandi vegfarendur. Örfáir vegir hafa vegaxlir sem henta til hjólreiða eða sérstakar hjólareinar. Þetta kort má nota til að finna hentugar leiðir. Við mælum með því að hjóla á fáfarnari vegum, að nýta almenningssamgöngur og að hjóla utan álagstíma til að forðast umferð. Fjarri þéttbýli er umferð minni en samt er bílum ekið hratt. Um leið mjókka vegir og erfiðir staðir eins og einbreiðar brýr leynast víða. Utan þjóðvegar nr. 1 eru malarvegir algengari en ekki. Þar eru fáir á ferli en yfirborð malarveganna er fjölbreytilegt, og eru holur, þvottabretti, sandur og laus ofaníburður nokkur dæmi. Fyrir utan Hvalfjarðargöng, sem eru lokuð hjólaumferð, er í góðu lagi að hjóla önnur göng á landinu. Þau eru öll upplýst en nauðsynlegt er að vera með góð ljós á hjólinu til að sjást og gildir það auðvitað árið um kring.

Hálendið

Venjulega eru hálendisvegir lokaðir fram í lok maí eða jafnvel fram í júlí, allt eftir snjóalögum og árferði. Upplýsingar um opnanir og ástand fjallvega er að finna hjá Vegagerðinni, vegagerdin.is. Hálendisvegir eru grófir malarvegir, moldartroðningar, eða grýttir slóðar, misslæmir. Sumir eru að auki sendnir og getur verið ómögulegt að hjóla á þeim í þurrkatíð. Aðrir verða að forarsvaði þegar blautt er. Víða þarf að vaða ár, sem alltaf krefst aðgæslu. Sakleysisleg á getur orðið hættuleg í rigningum og jökulvötn eru alltaf varasöm, ekki síst þegar hlýtt er og getur þurft að bíða færis til að komast yfir þau. Best er að ráðfæra sig við staðkunnuga og vera ekki einn á ferli þegar á er þveruð. Á kortinu eru líka sýndir nokkrir aflagðir vegir eða leiðir þar sem engin vélknúin umferð er. Þar geta verið göngubrýr, fjallaskörð og fornar hálendisleiðir þar sem hvörf geta verið í vegi, brattar brekkur og aðstæður sem krefjast þess að hjólið sé teymt eða jafnvel borið. Ávallt þarf að afla upplýsinga um aðstæður á hverri slíkri leið sérstaklega áður en lagt er af stað. Ráðlegt er að nota lágt gíruð fjallahjól með belgmiklum og grófum dekkjum á þessum slóðum. Fat bike eða breiðhjól hafa einnig reynst vel. Á fjöllum er viðbúið að næsti staður sem býður upp á gistingu sé fjarlægur og öll þjónusta utan seilingar. Aftakaveður getur gert hvenær sem er, sandfok, snjókoma og hríð. Stór svæði eru utan þjónustusvæðis farsíma og margir staðir eru afar fáfarnir. Ástand á yfirborði vega og slóða er misjafnt og getur ferðin hæglega orðið miklu torsóttari en fyrirhugað var. Stundum nánast bara hægt að ferðast á gönguhraða. Þetta kort lýsir ekki ástandi vega hverju sinni, og vegir þar sem umferð er nokkur eru ekki endilega betri en þeir sem fáir fara um. Þetta kort eitt og sér er ekki tæmandi sem leiðarvísir um hálendisferðir. Þegar lagt er á hálendið er ávallt nauðsynlegt að afla sér sérstakra og nýrra upplýsinga um það svæði sem fara á um. Auk þess er ráðlegt að hafa meðferðis nákvæm staðfræðikort. Leitið ávallt upplýsinga frá staðkunnugum, svo sem skálavörðum og öðru ferðafólki. Skiljið eftir ferðaáætlun til að auðvelda leit ef eitthvað fer úrskeiðis. Hafið fyrir reglu að tilkynna ferðir ykkar á safetravel.is ef ferðast er utan fjölfarinna leiða.

Hjólaleiðir inn og út úr Reykjavík og Akureyri

Á höfuðborgarsvæðinu er ágætt kerfi hjólastíga eins og sést á Reykjavíkurkortinu. Til stendur að merkja fimm lykilleiðir í sumar, hverja með sínum lit. Auk hjólastíganna er oftast í lagi að hjóla á öllum minni vegum og sumir þeirra eru með sérstakar hjólareinar. Hérlendis megum við hjóla á gangstígum og gangstéttum en ævinlega skal sýna fótgangandi vegfarendum ítrustu tillitssemi. Nokkrir staðir, þar sem þrengsl eru eða ójöfnur, eru merktir sem "hægur" á kortinu; greiðari leiðir nálægt eru merktar með appelsínugulum lit. Ekki er mælt með að hjóla á stofnbrautum, þar sem umferð er hröð. **Utan höfuðborgarsvæðisins** eru nánast engir hjólastígar. Umferð er þung og hröð. Hringvegur nr. 1 er víðast hvar þröngur og hættulegur þeim sem hjóla. Leiðin til Keflavíkur eftir Reykjanesbraut er þokkaleg vegna breiðra vegaxla á leiðinni. Það er líka gott að hjóla til Krýsuvíkur og mælum við sérstaklega með hjólreiðum á Suðurstrandaveginum sem er nýlegur vegur og lítið ekinn. Eins er gott að hjóla Nesjavallaleiðina en Þingvallavegurinn er orðinn ansi umferðarþungur. Gamla leiðin yfir Lyngdalsheiði milli Þingvalla og Laugarvatns getur verið spennandi kostur, enda aflagður vegur. Góð leið til að forðast hringveginn er um Mosfellsheiði og Kjósarskarð og um Hvalfjörð. Ekki má hjóla Hvalfjarðargöngin, en nýta má þjónustu Strætós til Akraness eða Borgarness til að komast gegnum þau með hjólin. **Austan Akureyrar** má forðast hringveg nr. 1 með því að fara Vaðlaheiði (sjá Akureyrarkort). Um hana liggur malarvegur í þokkalegu ástandi sem er opinn umferð. Hallinn er nokkuð jafn og undir 10% og umferð er hverfandi.

Umferðarreglur

Leyfilegt er að hjóla á öllum vegum á Íslandi nema í Hvalfjarðargöngum. Engu að síður verður að teljast hættulegt að hjóla á helstu vegum á Suðvesturlandi. Á Höfuðborgarsvæðinu er best að nota hjólastíga. Þau sem hjóla á vegi skulu hjóla á hægri helmingi hans og hleypa umferð hjá. Almennt er leyfilegt að hjóla á gangstéttum og göngustígum en sýna skal gangandi fólki stökustu tillitssemi. Með öllu er bannað að spilla gróðri með því að hjóla utan vega eða slóða. Gróður á Íslandi er viðkvæmur og seinsprottinn. Sár í sverði eftir reiðhjólsdekk geta valdið jarðvegsrofi og gróa seint. Reiðhjól skulu hafa fram- og afturljós kveikt í myrkri, í göngum og við slæm birtuskilyrði, en ekki um hábjartan dag. Þeim sem eru yngri en 15 ára er skylt að hjóla með hjálm. Börn yngri en sjö ára mega aðeins hjóla á vegi undir leiðsögn einstaklings sem er 15 ára eða eldri.

Búnaður

Vanur ferðamaður á hjóli á Íslandi hefur ávallt í farteskinu hlýjan vind- og regnheldan fatnað, hanska og höfuðfat. Þá ferðast hann með tjald sem þolir íslensk veður. Hann er á fjalla- eða ferðahjóli sem borið getur nauðsynlegan farangur á traustum bögglaberum, þar með talið nægilega mikið af vatni fyrir dagsferð á vatnslausu svæði. Farskjóti hans er nýyfirfarinn og í góðu standi og helstu varahlutir og verkfæri eru í verkfæratöskunni. Meðal algengustu vandamála eru sprungin dekk, brotnir teinar, slitnar keðjur, týndar skrúfur og boltar, slitnir gír- og bremsuvírar og brotnir álbögglaberar. Sýnileikinn skiptir miklu máli og gott er að vera í endurskinsvesti.

Gisting

Á kortinu eru sýnd öll tjaldsvæði og allir staðir þar sem gistingu innanhúss er að fá. Þá eru merkt á kortið skálar og skýli sem orðið geta á vegi þeirra sem eru á ferðinni á hjóli, með rútu eða á báti. Algengt er að skálar á hálendinu séu fullbókaðir og ætti ávallt að bóka gistingu í þeim með góðum fyrirvara. **Tjaldgisting:** Almennt er ætlast til að notuð séu skipulögð tjaldsvæði. Kortið sýnir öll tjaldsvæði landsins, og á islenskahjolakortid.is eru ítarlegar upplýsingar fyrir hjólafólk, s.s. um bíllaus svæði, skjól, sturtur, þurrkaðstöðu, aðstöðu innandyra, verkfæri til viðgerða o.s.frv. á tjaldsvæðum. Sé skipulagt tjaldsvæði utan seilingar er hjólandi og gangandi fólki heimilt að slá upp göngutjaldi nótt og nótt á víðavangi, en þó ekki á ræktuðu landi, við íbúðarhús eða á sérstökum verndarsvæðum. Á láglendi er oftar en ekki girt meðfram vegum. Sjálfsagt er að afla leyfis áður en slegið er upp tjaldi á bújörð eða einkalandi. Ferðabílar og hjólhýsi skulu ávallt nota skipulögð tjaldsvæði. Um alla gistingu gildir auðvitað að aldrei skal raska náttúru, ávallt ganga vel um og ekki skilja neitt rusl eftir.

Matur og drykkur

Rétt er að minna á að víða er langt á milli þeirra staða þar sem afla má vista. Á lengri hálendisferðum er nauðsynlegt að hafa vistir til nokkurra daga. Þá er nauðsynlegt að hafa varabirgðir ef töf verður á för vegna veðra eða annarra aðstæðna. Sömuleiðis eru langar leiðir án mikillar þjónustu algengar þótt ferðast sé í byggð, svo sem á svæðinu milli Mývatns og Egilsstaða eða milli Hafnar og Skaftafells. Í sveitum er venjulega hægt að komast í drykkjarvatn í lækjum og ám. Ef vafi leikur á um hreinleika vatnsins má biðja bændur og búalið um kranavatn. Jökulvatn er aðeins drukkið í ítrustu neyð og þá síað. Venjulega er hægt að miða við að hafa tvo lítra vatns meðferðis en þar sem sandar eru og hraunbreiður án yfirborðsvatns getur þurft að gera ráð fyrir að bera enn meira vatn með sér.

Reiðhjól í flugi

Innlend flugfélög bjóða flest flutning á reiðhjólum í venjulegi farþegaflugi. Rétt er að láta flugfélagið vita fyrirfram ef ætlunin er að taka hjól með í flug. Ekki er nauðsynlegt að pakka hjólum í kassa en rétt er að snúa stýri, hleypa lofti úr dekkjum og búa um viðkvæma hluta hjólsins.

Keflavík: Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið komið upp fyrirmyndaraðstöðu til að taka í sundur/setja saman reiðhjól í Bike Pit gámi, sem staðsettur er um 100 m frá útgangi komusvæðisins. Þetta er upphitaður gámur með hjólastandi, pumpu og verkfærum. Fyrir þá sem koma erlendis frá, má benda á að flutningskassa má geyma í Bílahóteli, sem er í um 800 m fjarlægð, að Árnavelli 4 (luggagestorage.is, s. 455-0006, sjá Keflavíkurkort).

Hjólreiðar til og frá Keflavíkurflugvelli: Hjólastígur liggur frá fyrrnefndum Bike Pit gámi til Keflavíkur. Leiðin til og frá Keflavík eftir Reykjanesbraut er þokkaleg vegna breiðra vegaxla á leiðinni.

Flugrútur og strætó ganga reglulega á milli Leifsstöðvar og Reykjavíkur. *Kynnisferðir*, re.is, hefja sínar ferðir á BSÍ og *Grayline*, airportexpress.is, frá Holtagörðum. Báðir þessir aðilar bjóða einnig að sækja farþega á öll helstu hótel og tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu. *Strætó* leið 55 gengur frá BSÍ um Fjörð í Hafnarfirði að Leifsstöð en í honum er ekki öruggt að fá pláss fyrir reiðhjól.

Reiðhjól með Strætó og rútum

Public Transport kortið sýnir allar áætlunarleiðir hjá *Strætó*, rútum, ferjum og með flugi. Upplýsingar um áætlanir og verð fást á vefsíðum viðkomandi þjónustuaðila. Skoðunarferðir sem fela ekki í sér flutning milli staða eru ekki sýndar á kortinu. **Fyrirframbókun:** Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að panta sæti fyrirfram en þó er ráðlegt að láta vita af áætluðum brottfararstað og –tíma. *IOYO*, *Icelandbybus* og *Westfjord Adventures* hvetja farþega til að bóka flutning á hjólum fyrirfram og almennt er mælt með því að hafa samband við viðkomandi þjónustuaðila ef ætlunin er að ferðast með hjól. Hjá *Strætó* er hvorki hægt að bóka sæti né pláss fyrir reiðhjól fyrirfram og sumir vagnar *Strætó* geta ekki flutt nein hjól. Flestar leiðir eru farnar einu sinni eða tvisvar á dag. Á sumum fáfarnari leiðum eru ferðir strjálari, eða nokkrar ferðir í viku. Sumar ferðir *Strætós*, sem merktar eru með brotalínum, eru aðeins eknar ef um það er sérstaklega beðið. Í slíkum tilvikum ber að hringja í þjónustuaðilann með nokkurra klukkustunda fyrirvara. **Rútur leggja upp frá nokkrum stöðum í Reykjavík:** *Strætó* fer oftast frá Mjódd nema einstaka ferðir frá BSÍ. *IOYO* og *Flybus* frá BSÍ. *Airportexpress* frá Holtagörðum. *Icelandbybus* frá Hörpu og tjaldsvæðinu í Laugardal. *Trex* frá Ráðhúsinu og tjaldsvæðinu í Laugardal. Rútur hafa ákveðnar stoppistöðvar í hverjum bæ og þeim sem ferðast með hjól er bent á að gera vart við sig á viðkomandi stoppistöð. Ef nauðsyn krefur getur rútan líka tekið upp farþega eða hleypt þeim út á öðrum stöðum á leiðinni þar sem slíkt hentar, t.d. við vegamót. **Flutningur á hjólum:** Sé ætlunin að taka rútu utan hefðbundinna stoppistöðva ber að láta viðkomandi þjónustuaðila vita, og vera vel sýnilegur á viðkomandi stað. Á höfuðborgarsvæðinu og innanbæjar stöðva strætó og rútur eingöngu á merktum stoppistöðvum. Oftast er pláss fyrir u.þ.b. fjögur hjól en bílstjórinn segir til um hve mörg hjól geta farið með í hverri ferð. Sumar rútur gera ráð fyrir að hjólin fari í farangurslestina, aðrar hafa kerrur fyrir hjólin og enn aðrar rútur með festingar á bílunum sjálfum. Fyrir kemur að rútur á helstu leiðum séu fulllestaðar hjólum. Það borgar sig fyrir stærri hjólahópa að sjá um flutning eigin hjóla sjálfir, eftir öðrum leiðum. **Farmiðar:** Á öllum lengri leiðum er hægt að greiða fargjaldið með reiðufé eða greiðslukorti í bílnum sjálfum við brottför. *Strætó* selur 20 miða kort á nokkrum bensínstöðvum í dreifbýli og á sundstöðum. Þau eru og til sölu í verslunum 10/11 á höfuðborgarsvæðinu. Flestir þjónustuaðilar taka u.þ.b. 4000 kr. fyrir flutning á reiðhjóli nema hjá *Strætó*. Þar er frítt að ferðast með reiðhjól, bæði í þéttbýli og um allt land. Í strætisvögnum **á höfuðborgarsvæðinu** mega vera tvö reiðhjól ef þau komast fyrir í vagninum með góðu móti. Þar hafa aðrir farþegar, barnavagnar og hjólastólar forgang.

Reiðhjól á ferjum

Hægt er að taka hjól um borð í allar bílferjur á Íslandi og venjulega er það raunin á farþegaferjum sömuleiðis. Ekki þarf að panta flutning á hjóli en ráðlegt er að hafa sambandi við þjónustuaðilann fyrirfram til að fá staðfest að siglt verði. **Til Vestmannaeyja:** Siglt úr Landeyjahöfn og frá Þorlákshöfn. Landeyjahöfn lokast auðveldlega vegna veðurs eða aðstæðna í höfninni. Þá fer Herjólfur frá Þorlákshöfn. *Strætó* leið 52 ekur að Hvolsvelli og sérstakur vagn tengist siglingum frá Þorlákshöfn. **Yfir Breiðafjörð með Baldri:** Á ferjunni Baldri eru hjól þeirra sem vilja hafa viðdvöl í Flatey hífð um borð, en hjól þeirra sem ætla alla leið eru höfð á bíladekki. **Norræna:** Ferjan siglir vikulega milli Hirtshals í Danmörku, Þórshafnar í Færeyjum og Seyðisfjarðar. Bóka þarf far með ferjunni með drjúgum fyrirvara – hjól er alltaf hægt að taka með en káetupláss á það til að seljast upp.

Neyðarnúmer er 112 um land allt
Látið ávallt vita um ferðaáætlun, t.d. á safetravel.is

HJÓLALEIÐIR

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Vatnajökulsþjóðgarður - NA svæði

NORÐURSVÆÐI VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS OG NÁGRENNI býður upp á einstaka náttúru og kyngimagnað landslag. Umhverfis Mývatn má finna ýmis konar hraunmyndanir, hveri og fjölbreytt fuglalíf. Jökulsárgljúfur er stórfenglegt gljúfur sem Jökulsá á Fjöllum, önnur lengsta á Íslands hefur myndað. Húsavík er fallegur hafnarbær og vel þekktur fyrir hvalaskoðun á Skjálfanda enda bærinn oft kallaður höfuðborg hvalaskoðunnar. Það er einstök upplifun að fara á hjóli um þetta svæði. Þessum 212 km langa hring má ljúka á þremur dögum, en margt er að skoða og má því jafnvel hugsa sér að lengja ferðina um nokkra daga. Vinsamlegast athugið að þjónusta, tjaldsvæði og verslanir eru ekki víða. Því skal skipuleggja ferðina vel og hafa nægan mat og vatn meðferðis. Svæðið er eitt það þurrasta á Íslandi og því ekki auðvelt að nálgast drykkjarvatn nema á tjaldsvæðum og í byggð.

MÝVATN – JÖKULSÁRGLJÚFUR – HÚSAVÍK – MÝVATN

Hluti 1: Reykjahlíð (Mývatn) – Ásbyrgi *(94 km, þar af 36 km möl)*

Haldið er frá Mývatni til austurs eftir þjóðvegi 1. Eftir smá brekku yfir Námaskarð er komið að Hverum, háhitasvæði með sjóðandi hverum og gufuholum. Áfram er haldið til austurs og um víðáttur Mývatnsöræfa. Eftir 26 km frá Reykjahlíð, er komið að gatnamótum. Hér skal haldið til norðurs eftir veginr. 862, aðra 25 km uns komið er að bílastæði við Dettifoss (WC en ekki drykkjarvatn). Ganga niður að Dettifossi tekur 20-30 mín. frá bílastæði. Dettifoss er einn vatnsmesti foss Evrópu en að meðaltali falla 193 m^3/s, 44 m niður í Jökulsárgljúfur. Eftir göngu að fossinum er hjólað til baka um þrjá km á malbiki uns komið er að gatnamótum en þá er haldið áfram til norðurs, 22 km eftir malarvegi nr. 862. Hér er komið að tveggja km afleggjara niður í Vesturdal. Vegurinn er frekar brattur niður í dalinn (>15% gráður) en er vel þess virði að fara. Gönguferð frá bílastæði, 20-60 mín. um Hljóðakletta er mögnuð upplifun en fallega stuðlabergi bergstandar þekja svæðið niður með gljúfrum Jökulsár. Hér í dalnum má finna tjaldsvæði með salerni og rennandi vatni til drykkjar auk þess sem birkitré og annar gróður veitir gott skjól. Eftir klifur upp brekkuna til baka að gatnamótunum er haldið áfram til norðurs eftir vegi nr. 862, um fimm km á möl en síðan tekur við 14 km malbikaður vegur að Ásbyrgi. Ásbyrgi er stórbrotið náttúrufyrirbæri, með um 90-100 m háum hamraveggjum sem mynda skeifu utan um skógivaxinn botn gljúfursins. Hér má finna gott tjaldsvæði með salerni og sturtu, drykkjarvatni, upplýsingamiðstöð og verslun. Í Jökulsárgljúfrum eru margar merktar gönguleiðir og má jafnvel skilja við tjald og hjól í Ásbyrgi eða Vesturdal, fara með áætlunarbíl á upphafsstað gönguleiðar og ganga til baka á tjaldsvæðið. Frá Dettifossi að Ásbyrgi er merkt gönguleið meðfram Jökulsá, tveggja daga ganga um stórkostlegt landslag.

Hluti 2: Ásbyrgi – Húsavík *(64 km malbik)*

Upplagt er að byrja daginn á að hjóla inn í enda Ásbyrgis og ganga frá bílastæðinu í gegnum birkivaxið svæðið inn að Botnstjörn. Tjörnin stendur undir háum klettavegg Ásbyrgis og er mikið fuglalíf við tjörnina og staðurinn magnaður. Nú skal stefnan sett á Húsavík eftir vegi nr. 85 um Tjörnes. Fallegt útsýni er til hafs og á góðum degi má sjá til Mánáreyja og Grímseyjar. Miðnætursólin getur líka skartað sínu fegursta í júní mánuði þegar húmar að. Húsavík er fallegur hafnarbær og má þar finna gott tjaldsvæði þegar komið er niður brekkuna inn í bæinn. Rétt við tjaldsvæðið er sundlaug með heitum pottum hvar gott er að slaka á eftir langan hjóladag. Gönguferð niður að höfn á fallegu sumarkvöldi er góð. Þar má finna marga veitingastaði og kaffihús en stærsta aðdráttaraflið eru þó hvalirnir á Skjálfanda. Frá höfninni má halda í ævintýraferðir með bátum út á flóann.

Hluti 3: Húsavík – Reykjahlíð (Mývatn) *(54 km, þar af 11 km möl)*

Haldið frá Húsavík til suðurs eftir vegi nr. 85, eftir nokkra kílómetra er svo beygt til vinstri eftir vegi nr. 87 áleiðis til Mývatns. Á leiðinni má stoppa á Heiðarbæ, þar sem er veitingastaður, tjaldsvæði og góð sundlaug með heitum pottum. Héðan liggur vegurinn áfram upp og niður allmargar hæðir en þó meira upp, þar sem að Mývatn stendur í 277 m hæð yfir sjó. Farið er um Hólasand en þar má sjá hvernig grasi og lúpínu hefur verið sáð til að hefta jarðvegseyðingu. Frá síðustu hæðinni er frábært útsýni yfir Mývatn, en þaðan er stutt til Reykjahlíðar. Á svæðinu má finna þrjú tjaldsvæði og verslun hvar bæta má á matarbirgðirnar. Upplagt er að slaka á í Jarðböðunum við Mývatn að lokinni ferð um þetta stórbrotna land.

Tjaldsvæði og fjallaskálar

Listi til niðurhals og útprentunar á:
islenskahjolakortid.is/tjaldsvaedi_skalar

Íslenska hjólakortið 2017

hjólafærni

ÚTGEFIÐ AF HJÓLAFÆRNI Á ÍSLANDI. Ritstjóri er Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni í samvinnu við Andreas Macrander, Ómar Smára Kristinsson, Nínu Ivanova og Inga Gunnar Jóhannsson. Forsíðumynd: Luke Sergent (Seljalandsfoss). ©Hjólafærni á Íslandi 2017–fyrsta útgáfa á íslensku. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar. Höfundarréttur nær yfir alla framsetningu, hönnun og vörumerki. ISBN 978-9935-9321-1-2. Íslenska hjólakortið er byggt á kortagrunni frá Landmælingum Íslands. Sérstakar þakkir fá Guðmundur Ögmundsson, Ásta Gísladóttir, Steindór Gunnlaugsson, Eyrún Björnsdóttir, Maria Ericsdóttir, Helga Junge, Haukur Eggertsson, Þórður H. Ólafsson, Kristinn J. Eysteinsson, Tómas Guðberg Gíslason, Erla Bil Bjarnardóttir, Helga Stefánsdóttir, Bjarki Valberg, Gísli Hermannsson, Ármann Halldórsson, Jón G. Snæland, Ásbjörn Ólafsson og ótal aðrir góðir starfsmenn Vegagerðarinnar, Kjartan Guðnason, Karl Benediktsson, Jessica Ann Tadhunter, Mary Frances Davidson, Morten Lange, Árni Davíðsson, starfsmennirnir hjá GuðjónÓ, Landmælingar Íslands, Umhverfisstofnun, Ferðamálastofa og starfsmenn markaðsstofanna um allt land Við þökkum Vinum Vatnajökuls fyrir þeirra stuðning. Einnig Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og ótal fleirum sem sagt er frá á heimsíðunni islenskahjolakortid.is. Flest þeirra hjólafyrirtækja sem kynnt eru á kortinu með heimilisfangi og síma leggja sitt af mörkum til útgáfunnar. Hin eru talin upp undir „Gúgglaðu þessa!" Birt samkvæmt vitneskju útgefanda 06. júní 2107. Þó að við leggjum okkur í líma við að hafa þessa kortaútgáfu nákvæma, getum við ekki verið ábyrg fyrir neinum villum á kortinu. Hver og einn verður að ferðast á eigin ábyrgð, gæta að eigin gæfu og njóta þess að hjóla um landið. **Þetta kort er tileinkað okkar kynslóð, barnanna okkar og framtíð okkar.** Góðar hugmyndir eða leiðréttingar eru ævinlega vel þegnar. Eins ef þú vilt panta eintak af kortinu, hafðu þá samband við okkur. hjolafaerni@hjolafaerni.is, hjolafaerni.is, s. 864 2776.

Vefsíður fyrir hjólandi ferðamenn

Veðrið á Íslandi
vedur.is
belgingur.is
yr.no

Ástand vega
vegagerdin.is

Önnur kort á netinu
islenskahjolakortid.is
map.is
lmi.is

Stórverslanir sem bjóða hjólavörur árstíðabundið
hagkaup.is
byko.is
husa.is

Gisting og tjaldsvæði
islenskahjolakortid.is/tjaldsvaedi_skalar
hostel.is
tjalda.is

Hjólamót og keppni
bluelagoonchallenge.is
wowcyclothon.is
glacier360.is
hjolamot.is
tourofreykjavik.is

Hjólakort af Höfuðborgarsvæðinu
islenskahjolakortid/reykjavik
reykjavik.is/gonguoghjolastigar

Hjólreiðafélög
hjolafaerni.is, bjartur.org
lhm.is, 3sh.is
ifhk.is, hfa.is
hfr.is, hoa.is
tindur.org, hjolamenn.is

Á ferð um Ísland
publictransport.is, fi.is
safetravel.is/is/, utivist.is
ferdalag.is
visitreykjavik.is
nat.is

Símaskrá og kort
ja.is/kort

Sundlaugar
sundlaugar.is

Þjónustustöðvar olíufélaganna
n1.is
olis.is
skeljungur.is

Ágætis upplýsingar í prenti
Ókeypis bæklingar, dreift á öllum helstu ferðamannastöðum:
Á ferð um Ísland
Yfirgripsmikill bæklingur fyrir alla ferðamenn á leið um landið; þéttbýliskort, þjónustuyfirlit, áhugaverðir staðir og fleira.

Landakort sem við mælum með:
Ferðakort 1:250.000, frá Iðnú
Fjórðungskort 1:300.000, frá Forlaginu

Heimasíður og blogg
Íslenski fjallahjólaklúbburinn: fjallahjolaklubburinn.is
Mirjam Wouters: cyclingdutchgirl.com
Ulf Hoffmann: bikingiceland.com
Michiel Erens: members.ziggo.nl/erens/iceland.htm
Hjólabjálfun Maríu og Haffa: hjolathjalfun.is

Bækur sem fást í bókaverslunum: Hjólabókin eftir Ómar Smára Kristinsson, sem er einnig höfundur þessa korts, er fáanleg í öllum betri bókabúðum þessa lands. Þar er sagt frá hjólaleiðum á Vestfjörðum, Vestur-, Suðurvestur- og Suðurlandi. Gefin út af Vestfirska forlaginu.

Styrktaraðilar:
VINIR VATNAJÖKULS
UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

almenningssamgongur.is

Áætlunarbílar

Leiðakerfi Strætó
Hið opinbera almenningssamgöngukerfi.
S: 540 2700 - *www.straeto.is*

ICELAND ON YOUR OWN
Leiðakerfi í samvinnu **Kynnisferða** og SBA-Norðurleiðar.
Í Reykjavík: S: 580 5400
Á Akureyri: S: 550 0700 - *www.ioyo.is*

ICELAND BY BUS
Leiðakerfi í samvinnu **Sterna** og SBA-Norðurleiðar.
S: 551 1166 - *www.icelandbybus.is*

TREX S: 587 6000 - *www.trex.is*
Áætlunarferðir í **Þórsmörk** *(Básа og Langadal)* og í **Landmannalaugar.** *Sumaráætlun 15. júní - 24. sept. 2017*

AÐALLEIÐIR UM VESTFIRÐI
Ísafjörður – Hólmavík: S: 893 1058, 847 0285 & 540 2700
Brjánslækur – Ísafjörður: S: 456 5006 - www.wa.is
Brjánslækur – Patreksfjörður – Látrabjarg: S: 456 5006 - www.wa.is
Ísafjörður – Suðureyri – Flateyri – Þingeyri: S: 893 6356 - www.isafjordur.is

Styttri leiðir um vestanvert landið
Patreksfjörður - Bíldudalur: S: 456 2636 & 893 2636
Ísafjörður – Bolungarvík: S: 892 1417 & 456 7195 - www.bolungarvik.is
Hellissandur – Rif – Ólafsvík: S: 433 6900 - www.snb.is
Upplýsingamiðstöð Vestfjarða: S: 450 8060 - *www.westfjords.is*

SVAUST Strætisvagnar Austurlands
S: 471 2320 - *www.svaust.is*

Askja & Herðubreiðarlindir
ASKJA TOURS: S: 464 1920 - *www.askjatours.is*
MÝVATN TOURS: S: 464 1920 - *www.myvatntours.is*



Innanlandsflug

Flugfélagið Ernir - áfangastaðir:
Reykjavík, Vestmannaeyjar, Höfn, Húsavík, Bíldudalur, Gjögur.
S: 562 4200 & 562 2640 - *www.ernir.is*

Frá BAKKAFLUGVELLI til VESTMANNAEYJA
Atlantsflug **S: 854 4105 - *www.flightseeing.is***

Flugfélag Íslands - áfangastaðir: Reykjavík, Keflavík, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir, Grímsey, Þórshöfn, Vopnafjörður.

FERÐIR Í BLÁA LÓNIÐ
Reykjavik Excursions – Kynnisferðir S: 580 5400 - *www.re.is*
Gray Line Iceland S: 540 1313 *www.grayline.is*

ÁÆTLUNARFERÐIR Í LEIFSSTÖÐ
flybus Keflavík - Reykjavík (BSÍ)
flybus+ Keflavík - Reykjavík (hótel)
S: 580 5400 - www.flybus.is
AIRPORT EXPRESS S: 540 1313 *www.airportexpress.is*

Áætlunarferjur

Vestmannaeyjar - Landeyjahöfn EIMSKIP
S: 481 2800 - *www.herjolfur.is* - *www.ferry.is*

Stykkishólmur - Flatey - Brjánslækur Seatours
Bílferjan yfir Breiðafjörð
S: 433 2254 - *www.saeferdir.is* - *www.ferry.is*

Árskógssandur - Hrísey Visit Hrísey
S: 695 5544 - *www.hrisey.is*

Akureyri - Grímsey & Akureyri - Hrísey
Arctic Circle Express - S: 462 6800 - *www.ambassador.is*

Dalvík - Grímsey & Dalvík - Hrísey - *www.saefari.is*

Húsavík - Flatey & Húsavík - Grímsey
Gentle Giants - S: 464 1500 - *www.gentlegiants.is*

Djúpivogur - Papey með Papeyjarferðum
S: 478 8119 & 862 4399 - *papey@djupivogur.is*

Hornstrandir & Vigur BOREA
BOREA: S: 456 3322 - *www.borea.is*
VESTURFERÐIR *(líka í Vigur)*: S: 456 5111 - *www.vesturferdir.is*

Reykir - Drangey með Drangeyjarferðum
S: 821 0090 & 821 0091 - *www.drangey.net*

Norðurfjörður - Reykjarfjörður - Hornvík
S: 849 4079, 669 1039 & 859 9570 - *strandferdir.is*

Reykjavík - Viðey ELDING
S: 519 5000 & 533 5055 - *www.elding.is*

Reykjavik Bike Tours
Reiðhjólaleiga - allskonar hjól / Segway ferðir
Ægisgarður 7 - Gamla höfnin Sími: 694 8956
www.reykjavikbiketours.is www.reykjaviksegwaytours.is

ÚTIVIST
Laugavegi 178, 105 Reykjavík. Sími 592 1000, utivist@utivist.is
Skálar Útivistar: Básar á Goðalandi s. 893 2910, Fimmvörðuskáli, Strútsskáli, Dalakofi, Sveinstindur, Skælingar, Álftavötn.

FÍ FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

STÆRSTA HÁLENDIS-LEIÐAKERFI LANDSINS!
ICELAND ON YOUR OWN
SKIPULEGGÐU ÆVINTÝRIÐ Á WWW.IOYO.IS

#REYEX #IOYO ÓKEYPIS NETTENGING
Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • 580 5400 • main@re.is • www.re.is • www.ioyo.is

Staldraðu við, njóttu!

Farfuglaheimilin bjóða gæða gistingu
Á 34 Farfuglaheimilum um land allt er alþjóðlegt andrúmsloft í heimilislegu umhverfi.
Upplifðu náin tengsl við náttúru, menningu og fjölbreytta afþreyingu á ferð þinni um landið.
HOSTELLING INTERNATIONAL
Farfuglar | info@hostel.is | www.hostel.is

© Hjólafærni á Íslandi 2017 . hjolafaerni.is